



Laugalandi 2. janúar 2018.

## Áætlun til að efla umferðaröryggi á bílastæðum skólanna á Laugalandi sem kemur til framkvæmda við skólabyrjun í janúar 2018

1. Starfsmaður verður á bílastæðinu til að taka á móti nemendum úr skólabílunum, þegar þeir koma í skólann á morgnana svo og þegar þeir fara á daginn. Á sama tíma hefur hann yfirsýn yfir þau faratæki sem koma/fara með börn í og úr leikskóla. (Markmiðið að auka öryggi á bílastæði skólans svo og að brýna fyrir nemendum varkárni og árverkni þegar farið er til og frá skólabílunum).
2. Stjórnendur Laugalandsskóla halda fund með skólabílstjórum um öryggismál við aðkomu og móttöku nemenda á bílastæðinu og kynna atriði nr. 1.  
(Ath! Ítreka að þeir séu komnir ca. 10 mín. fyrir brottför nemenda við lok skóladags eins og stendur í samningi þeirra í lið nr. 1 og fylgja eftir bílbeltanotkun).
3. Stjórnendur Laugalandsskóla biðja umsjónarkennara að fara með nemendum yfir öll öryggisatriði þegar gengið er að og frá skólabílunum m.a. líta vel í kringum sig og fara eftir ábendingum starfsmanns á bílastæðinu.
4. Skólastjóri Leikskólans á Laugalandi óskar eftir við sitt starfsfólk að það leggi bílum sínum að ofanverðu til að minnka umferð að

neðanverðu. Auk þess mun hann biðja foreldra um að vera sérstaklega meðvitaða vegna aðkomu skólabíla á svæðið.

5. Stjórnendur beggja skóla senda bréf til foreldra nemenda skólanna um ofangreind atriði og einnig um það áform sveitarstjórnanna að koma á varanlegu skipulagi á bílastæði Laugalands.
6. Þá mun skólastjóri Laugalandsskóla ítreka þær upplýsingar sem koma fram í Skólalykli um bílbeltanotkun í skólabílunum og um öryggi þegar foreldrar sækja börn sín m.t.t. hvar á að leggja.

Virðingarfyllt,

Sigurjón Bjarnason, skólastjóri  
Sigrún B. Benediksdóttir, leikskólastjóri